

Nr. 075 / 16 Haukur farþegarbátur**Reykur í vélarrúmi**

Skipaskr.nr. 1292
Smíðaður: Reykjavík 1973, eik
Útgerð: Norðursigling hf
Stærð: 19 brl. 19,9 bt.
Mesta lengd: 15,65 m Skráð lengd: 13,66 m
Breidd: 3,97 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Scania 140 kW, 1984
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 33



Haukur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2016 var Haukur á skemmtisiglingu með farþega á Skjálfaflóa. Veður: NA 2 m/s.

Á siglingunni kom upp talsverður reykur í vélarrúmi og tilkynnti skipstjóri það strax til Vaktstöðvar siglinga á VHF 16. Björgunarsveitir á svæðinu voru kallaðar út en skipstjóranum tókst að sigla skipinu til hafnar fyrir eigin vélarafli.

Við rannsókn kom fram:

- að afgasrörið frá aðalvélinni hafði farið í sundur (*sjá mynd*) og vélarrúmið fylltist af afgasi frá vélinni;
- að festingar sem tengdu saman þenslumúffu og afgasrörið voru búnar að vera lélegar um tíma og gáfu sig í þessari ferð;
- að afgasrörið var endurnýjað með nýjum festingum og þenslumúffu;
- að fram kom hjá skipstjóra að tveir í áhöfn væri of lítið



Myndin sýnir þúströrið frá vélinni

þegar neyðarástand skapast í vélarúminu þar sem hann væri einnig vélstjóri;

- að skv. 12 gr. laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa segir m.a. um öryggismönnun: „*Manna skal sérhvert íslenskt farþegaskip og flutningaskip á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, farþega og skips*“.

Nefndarálit:

Orsök þess að afgasrörið fór í sundur var lélegt viðhald.

Tillaga í öryggisátt:

Í málum sem nefndin hefur haft til rannsóknar í tengslum við farþegaflutninga hefur ítrekað komið fram hjá skipstjórnendum að öryggismönnun sé undir lágmarki þegar hættuástand skapast. Nefndin leggur því til við Samgöngustofu að þegar verði endurskoðaðar forsendur fyrir mönnun farþegaskipa.